



Foreldrafélag Sunnulækjarskóla

Fréttabréf

Janúar 2015

Fundur hjá Foreldrafélagi Sunnulækjarskóla miðvikudaginn 21. janúar kl. 17:30

Mættir: Hanna Rut Samúelsdóttir, Raket Þorsteinsdóttir, Inga Dóra Ragnarsdóttir, Aðalbjörg Skúladóttir og María Pálsdóttir

Fjarverandi: Álfheiður Tryggvadóttir og Karl Óskar Kristbjarnarson



1. Foreldrafélagið í Sunnulækjarskóla ákvað að taka þátt í "Dúkkuverkefninu" um 1000 kr per barn í 9. bekk í Sunnulækjarskóla næstu 5 árin.
2. Aðalbjörg er áheyrendafulltrúi í Fræðslunefnd næstu 2 árin fyrir hönd foreldra í Sveitarfélaginu Árborg. Hanna Rut er hennar varamaður. Þetta var ákveðið á síðasta Samborgar fundi, sem eru regnbogasamtök allra foreldrafélaganna í Sveitarfélaginu Árborg. Vallaskóli verður með fulltrúa síðan eftir 2 ár.
3. Lög foreldrafélagsins skoðuð og breyting á lögum verða lögð fram fyrir næsta aðalfund.
4. Búið er að stofna nýjan reikning fyrir foreldrafélagið með hærri vöxtum.



Afmæli

Ágæt regla er að bjóða öllum úr sama kyni úr sama umsjónarhópi. Ef allir bjóða bara bestu vinunum, þá eru einhverjir sem fá sjaldan eða jafnvel aldrei afmælisboð. Afmæli getur verið gott tækifæri til að kynnast fleirum en nánustu vinum barnsins. Það er ekki æskilegt að dreifa afmælisboðskortum í skólanum og það er góð regla að láta vita ef að barn kemst ekki í afmælið.

5. Ræddum um foreldraröltið í samvinnu við Samborg og félagsmiðstöðinni.
6. Þriðjudaginn 17. febrúar kl: 20:00 verður næsti Samborgar fundur haldinn í Sunnulækjarskóla
7. Ræddum um tenglastarfið og er almenn ánægja með það.
8. Rætt var um hvernig gengur í verkefninu *aðstoð útskriftanema í frímínútum*.
9. Næsti fundur 11. mars kl: 17:30.

Fundi slitið kl: 18:45.
Hanna Rut